

[Smelltu hér til að skoða þetta fréttabréf í vafra](#)

Fréttabréf

Aðalfundarútgáfa

40. árg 2. tbl.
Mars 2025



FÉLAG ÍSLENSKRA
NÁTTÚRUFRÆÐINGA

Aðalfundarboð

Boðað er til aðalfundar félagsins 2025, þann 27. mars næstkomandi kl. 17:00, og verður hann haldinn að Borgartúni 27, 2. hæð. Fundurinn verður einnig í boði sem fjarfundur.

Dagskrá

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess
3. Tillögur um lagabreytingar og nýtt nafn félagsins
4. Ákvörðun um félagsgjöld
5. Stjórnarkjör
6. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs
7. Kosning siðanefndar
8. Önnur mál

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate](#) ▼

dagabreytingar til og til, verða aðgengileg á vef félagsins í gegnum hlekkinn hér að neðan jafn óðum og þau berast. Félagssólk er hvatt til að kynna sér þessi gögn vel.

[Fundargögn aðalfundar 2025](#)

Norðurljósinn dansa - Ljós. MHH

Skráning þátttöku á aðalfund

Vinsamlegast skráið ykkur til þátttöku á aðalfundinn eigi síðar en á **hádegi 25. mars** nk. svo hægt sé að áætla magn veitinga og hverjir vilja fá senda fjarfundarslóð. Skráning fer fram í gegnum hnappinn hér að neðan.

Ef þið lendið í einhverjum vandræðum hafið þá samband við okkur á skrifstofu FÍN um netfangið fin@fin.is eða í síma 595-5175.

[Skráning á aðalfund](#)

Pistill starfandi formanns



Formaður félagsins er nú komin í námsleyfi og í ljósi þess hef ég sem varaformaður tekið við skyldum formanns. Fellur það því í minn hlut að rita pistilinn að þessu sinni. Tilefnið er hið árlega fréttabréf FÍN í aðdraganda aðalfundar félagsins sem verður þann 27. mars n.k. í húsnæði félagsins í Borgartúni 27, 2. hæð. Ég hvet að sjálfsögðu allt félagsfólk til þess að mæta, en nauðsynlegt er að skrá sig fyrir fundinn svo veitingar verði ekki af of skornum skammti.

Að þessu sinni leggur stjórn fyrir aðalfund tvær smávægilegar lagabreytingatillögur sem eru kynntar hér í fréttabréfinu undir viðkomandi lið. Fjalla þær annars vegar um orðalag nafns félagsins, þ.e. að hægt sé að nota skammstöfunina FÍN eða Félag íslenskra náttúrufræðinga jöfnum höndum eftir þörf hverju sinni, í samræmi við þann miðil sem nýttur er.

Hins vegar er er lögð fram lagabreytingartillaga þess efnis að félagið verði nú bæði fag- og stéttarfélag, í stað eingöngu stéttarfélags. Þessu ákvæði er breytt í þeim tilgangi að tryggja enn frekar réttarstöðu félagsins og opna það fyrir frekari þróun og móttöku nýrra hópa í framtíðinni. Þess má einnig geta að n.k. föstudag verður einmitt undirritaður samstarfssamningur við Líffræðifélag Íslands sem er einmitt fagfélag líffræðinga. Báðar þessar lagabreytingatillögur eru í samræmi við þá stefnumótunarvinnu sem stjórn félagsins hefur unnið að á undanförunum misserum.

Varðandi stjórnarkjör á þessum aðalfundi, þá hefur nú tekist að manna allar stöður í næstu stjórn og verður því sjálfkjörið í stjórn. Það sama á við um nefndir og ráð á vegum félagsins. Vissulega væri gaman að sjá fleiri koma að félagsstarfinu okkar í framtíðinni og þurfum við að vinna að því saman að efla okkar innra starf og virkja fleiri félaga til góðra verka.

Á dagskrá aðalfundar eru svo önnur aðalfundarstörf, s.s. skýrsla stjórnar og yfirferð reikninga, fundargestum til skemmtunar. Fastir liðir eins og venjulega og að sjálfsögðu veitingar á eftir.

Af kjara- og stofnanasamningum

Samningalotu opinbera markaðarins er lokið þar sem samið hefur verið við ríkið, sveitarfélög, Reykjavíkurborg og Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu. Áfram er unnið að stofnanasamningum á ríkisstofnunum og eins að útfærslu starfsmats hjá borg og

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate](#) ▼

miða kjör við samninga Samtaka atvinnulífsins (SA) hafa fundað og rætt möguleikana í stöðunni og hvort einhvers konar samráð eða samstarf sé til þess fallið að ýta við málum. Markmiðið er að sjálfsgöðu ná fram alvöru kjarasamningi á þessum markaði og tryggja þannig bætt réttindi félagsmanna og jafnframt samkeppnishæfni BHM félaganna innan þessa sívaxandi markaðar. Samningamál á almenna markaðinum þurfa að fá aukið vægi í okkar starfi árið um kring!

Það eru spennandi tímar fram undan hjá FÍN og að lokum langar mig til þess að þakka öllum þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir FÍN fyrir gott og óeigingjarnt starf á liðnu ári. Ég vonast loks til þess að sjá sem flest á aðalfundi 27. mars.

*Með góðri kveðju,
Þorkell Heiðarsson,
starfandi formaður FÍN.*

Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar FÍN verður aðgengileg á vefsvæði FÍN eigi síðar en tveimur dögum fyrir fund.

2. Ársreikningar

Endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða verða aðgengilegir á vefsíðu FÍN.

3. Lagabreytingar

Stjórn leggur til eftirfarandi breytingar á 1. og 2. grein í lögum félagsins.

VAR:

1. gr. Almenn

Félagið heitir Félag íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og á ensku The Union of Natural Scientists in Iceland. Félagssvæði þess er landið allt. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

VERÐUR:

1. gr. Almenn

Félagið heitir FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga og á ensku FÍN - The Union of Natural Scientists in Iceland. Nafn félagsins er tvískipt og er heimilt að nota annað nafnið eða

VAR:**2. gr. Hlutverk**

Félagið er stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga. Hlutverk þess er:

- a. Að standa vörð um og vinna að bættum kjörum og kjarasamningsbundnum réttindum félagsfólks óháð uppruna þeirra.
- b. Að gera kjarasamning fyrir félagsfólk sitt, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c. Að tryggja aðgengi félagsfólks að upplýsingum um réttindi og kjör sín og aðra hagsmuni sem tengjast félaginu.
- d. Að vinna að því að bæta réttarstöðu sjálfstætt starfandi sérfræðinga og efla samkeppnishæfni þeirra.
- e. Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsfólks í gegnum fagfélög þess og að kynna fyrir almenningi mikilvægi starfa félagsfólks.
- f. Að kynna félagið fyrir verðandi/mögulegu félagsfólki og vinna að tengslum við hagsmunafélög.
- g. Að stuðla að og standa vörð um öflugt sjóðakerfi fyrir félagsfólk þvert á markaði.
- h. Að stuðla að sterku trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum og miðla fræðslu til félagsfólks.

VERÐUR:**2. gr. Hlutverk**

Félagið er fag- og stéttarfélag og vill ávallt vera fyrsti valkostur háskólamenntaðra einstaklinga. Hlutverk þess er:

- a. Að standa vörð um og vinna að bættum kjörum og kjarasamningsbundnum réttindum félagsfólks óháð uppruna þeirra.
- b. Að gera kjarasamning fyrir félagsfólk sitt, hvort heldur er á almennum markaði eða hjá hinu opinbera.
- c. Að tryggja aðgengi félagsfólks að upplýsingum um réttindi og kjör sín og aðra hagsmuni sem tengjast félaginu.
- d. Að vinna að því að bæta réttarstöðu sjálfstætt starfandi sérfræðinga og efla samkeppnishæfni þeirra.
- e. Að stuðla að samvinnu, samheldni og góðri fagþekkingu félagsfólks í gegnum fagfélög þess og að kynna fyrir almenningi mikilvægi starfa félagsfólks.
- f. Að kynna félagið fyrir verðandi/mögulegu félagsfólki og vinna að tengslum við hagsmunafélög.
- g. Að stuðla að og standa vörð um öflugt sjóðakerfi fyrir félagsfólk þvert á markaði.
- h. Að stuðla að sterku trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum og miðla fræðslu til félagsfólks.

Lagabreyting sú sem boðuð var í síðasta fréttabréfi og fjallaði um þann hluta 6. greinar laga FÍN sem snýr að setulengd formanns var dregin til baka. Sú tillaga kom þó hvorki frá stjórn né framkvæmdastjórn.

Stjórn FÍN leggur ekki fram tillögu um breytingar á félagsgjaldi og leggur til að félagsgjöld verði óbreytt, 0,65% af heildarlaunum.

5. Stjórnarkjör (sjálfkjörið)

Í kjöri til tveggja ára:

Varaformaður FÍN:

- Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Meðstjórn:

- Berglind Sigurðardóttir, Skipulagsstofnun
- Bragi Bergsson, Reykjavíkurborg
- Jón Már Halldórsson, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
- Margrét Geirsdóttir, Matís
- Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Una Bjarnadóttir, Alvotech
- Sigrún Laufey Sigurðardóttir, Landspítali
- Páll Sigurðsson, Land og skógur

Sitja frá fyrra ári:

- Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
- Benóný Jónsson, Hafrannsóknastofnun
- Guðrún Nína Petersen, Veðurstofa Íslands
- Sigvaldi Thordarson, Íslenskar orkurannsóknir
- Sindri Birgisson, Mosfellsbær
- Stefán Már Stefánsson, Hafrannsóknastofnun
- Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg
- Torfi Geir Hilmarsson, Alvotech
- Unnur Magnúsdóttir, Genís

Fulltrúi trúnaðarmann:

- Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg

6. Stjórn Kjaradeilusjóðs (sjálfkjörið)

Í kjöri til tveggja ára:

- Helena Gylfadóttir, Reykjavíkurborg
- Friðþjófur Árnason, Hafrannsóknarstofnun

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate](#) ▼

- Ólafur Eggertsson, Land og skógur/Landbúnaðarháskóli Íslands

Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs eftirtaldir aðilar:

Aðalmenn:

- Formaður FÍN
- Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

- Varaformaður FÍN
- Ritari FÍN

7. Siðanefnd

Í kjöri til tveggja ára:

Aðalmenn:

- Kristín Hermannsdóttir, Veðurstofa Íslands
- Þórólfur Jónsson, Reykjavíkurborg

Varamaður:

- Hildur Inga Sveinsdóttir, Matís

Aðalmenn sem sitja frá fyrra ári:

- Anna Berg Samúelsdóttir, Matís
- Emelía Eiríksdóttir, Coripharma
- Símon Klüpfel, Axelyf

Varamaður sem situr frá fyrra ári:

- Guðlaug Katrín Hákonardóttir, Háskóli Íslands

8. Önnur mál

Félagsmönnum er bent á að hægt er að taka upp önnur mál undir þessum dagskrárlíð.

Fréttir

Aukið samstarf við fagfélög

FÍN er þessi misserin í markvissri vinnu sem miðar að því að efla samstarf félagsins við fagfélög og virkja félagsfólk í gegnum þessi félög. Er þessi vinna í samræmi við þær áherslur sem komu fram á síðasta aðalfundi.

Vinnunni miðar ágætlega og er fyrsta samstarfsyfirlýsingin klár til undirritunar. Það er ljóst að hagsmunir FÍN og þessara fagfélaga liggja saman á ýmsum sviðum og víða eru tækifæri til nánara samstarfs sem ætti að koma báðum aðilum til góða og efla fagfélögin sjálf og félaga í FÍN um leið.

Við hjá FÍN viljum endilega koma á talsambandi við sem flest fagfélög og ef þú ert í forsvari fyrir fagfélag og hefur áhuga á samstarfi við FÍN mátt þú endilega heyra í okkur.

Tengiliður er Siggeir F. Ævarsson, sérfræðingur.

Senda póst um fagfélag

Vinnustaðafundir FÍN

Okkur hjá FÍN er annt um að vera í góðu sambandi við allt félagsfólk og því viljum við gjarnan heimsækja sem flesta vinnustaði okkar félaga. Nú stendur yfir skipulagning á vinnustaðafundum en á þeim er farið yfir stöðu vinnustaðarins, launatölfræði, launavæntingar, stofnanasamninga og önnur mikilvæg atriði. Kappkostað er að sníða hvern fund að þörfum viðkomandi vinnustaðar. Þegar hafa tveir slíkir fundir verið haldnir og viljum við endilega koma fleiri fundum á dagskrá á næstu vikum.

Fundirnir geta verið staðfundir sé þess óskað en fjarfundir hafa gefið góða raun fyrir þetta form og eru þeir oftast betur sóttir. Þá er einnig möguleiki að blanda formunum saman. Áætlað er að fundirnir fari fram í janúar og fram í maí.

Við hvetjum öll þau sem óska eftir vinnustaðafundi að hafa samband á fin@fin.is.

Hagnýtar upplýsingar

Starfsmenn á skrifstofu

Orri Þrastarson,
framkvæmdastjóri.

Runólfur Vigfússon,

Símatími:

Mánudaga og miðvikudaga:
Frá kl. 13:00–14:00.

Þriðjudaga og fimmtudaga:
Frá kl. 11:00–12:00.

[Subscribe](#)[Past Issues](#)[Translate](#) ▼

Siggeir F. Ævarsson,
sérfræðingur.

Sími: 595-5175
Netfang: fin@fin.is
Veffang: www.fin.is

Fréttabréf FÍN kemur að jafnaði út þrisvar á ári, í janúar, mars og desember. Ritstjóri er Siggeir F. Ævarsson, ábyrgðarmaður er Þorkell Heiðarsson.

Ábendingar og athugasemdir má senda á fin@fin.is



[Skoða í vafra](#)

Copyright (C) 2025 FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga. Allur réttur áskilinn.
FÍN - Félag íslenskra náttúrufræðinga Borgartún 27 Reykjavík 105 Iceland

Þú færð þennan póst þar sem þú ert félagi í FÍN og á póstlista félagsins.

Viltu breyta þinni skráningu á þessum póstlista?
Þú getur [breytt stillingum](#) eða [afskráð þig af póstlistanum](#)